

Mótanefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn mótanefndar KSÍ vegna tillögu um sumarfrí leikmanna í mfl. (Þingskjal 19).

Það er mat nefndarinnar að gera fjögurra vikna hlé um mitt sumar í öllum mótum meistaraflokka sé ekki gott fyrir mótin á Íslandi.

Lengja þyrfti tímabilið í öllum deildum, væntanlega bæði byrja fyrr og enda seinna.

Mörg félög hafa ekki yfir að ráða gervigrasi, því gæti þurft að leika í meira mæli á öðrum völlum en heimavöllum félaga í upphafi og jafnvel við lok móta.

Það skýtur skökku við að mati nefndarinnar að leika á Íslandi þegar vellir eru ekki í góðu standi en ætla svo að hafa frí þegar þeir eru í sem besta standi.

Einnig bendir nefndin á að þar sem leikið er á Íslandi yfir há sumarið þá hefur það skapað tekjur fyrir félögin þar sem getraunaheimurinn þarf leiki allt árið um kring.

Þær tekjur munu væntanlega minnka ef við ætlum að færa leikina inn á tímabil þar sem nægt framboð er á leikjum fyrir í öðrum löndum.

Spurning hvaða áhrif þetta muni hafa á áhorfendafjölda.

Mótanefnd KSÍ